# Sölvi Blöndal

Bjarni Benediktsson – Sölvi Blöndal

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svara 25/2. '37.

Stockh. 15/2. 37

Þú verður eflaust hissa á því að fá bréf frá mér og það kemur heldur ekki til af góðu að ég skrifa.
Utan allra málalenginga: Ertu svo staddur að þú getir lánað mér 500.00 ísl. kr.?
Mér er það vel ljóst, að við þekkjumst svo lítið að fremur beri mér að leita til annara, ef þess væri kostur – en um slíkt er ekki að tala – ég hef um ekkert að velja.
Um greiðsluskilmálana er ekki að tala. Þú yrðir sem sagt að gera þetta í góðri trú og trausti þess, að ég gleymdi ekki því, að vel væri til mín gert og borgaði að afloknu námi. Tryggingar hef ég engar.
Þú skilur, að ég mundi ekki leita til þín með þetta að ástæðulausu eða fyr en í fulla hnefana. Það er annað en gaman að leita hjálpar manna án þess að hafa haft nokkurn tíma tækifæri til að vinna til þess að hjálpin sé veitt.
Ef þú getir gert þetta þyrfti að snara peningunum yfir í sænskt fé. Það mun vera erfitt að fá gjaldeyri og mundir þú því kannske hafa mikið mas við það. Til þess að losna við það getir þú borgað þetta fé til Jens Figved – hann hefur lofað mér því að útvega mér gjaldeyri ef ég væri í vandræðum, er hann var í Stockh. í fyrra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II

Mér þætti átaflega vænt um, ef þú gerir þetta, að það gengi fljótt fyrir sig því ég er í miklum vandræðum. Þú spyrð kannske: Hvað ætlar þú að gera með þetta fé? Fyrst og fremst ætla ég að borga skuldir, sem ég er í við félaga mína hér og eru svo illa staddir að þeir geta ekki átt fé útistandandi. Þarnæst að koma lagi á mitt eigið líf – svo að ég geti étið eins og manneskja og klæðst eins og manneskja – og borgað bölvaðar skuldir, sem ég hef þurft að hleypa mér í vegna námsins þar á meðal vélritun á ritgerð minni í statskunskap.

Mundir þú vilja senda mér svar upp á þetta með Íslandinu (eða mótorskipi) (– játandi eða neitandi – Ekkert er verra en biðin og óvissan drepur mann.

Mér þætti vænt um ef þetta gæti verið okkar á milli, og þú talaðir ekki um það við Lárus. Hann hefur þegar lagt á sig mikla bagga mín vegna, og ég er þess ófús, að hann leggi enn meira á sig, sem hann efalaust gerði ef hann frétti að ég væri í vandræðum.

Ég vona, ef þú hjálpar mér, að mér gefist tækifæri til þess síðar, að sýna þér ~~[illegible]~~ hversu mikils virði þessi hjálp var mér. „Sérhver dagur á sína dags" eins og Kiljan segir.

Þinn einl.

Sölvi Blöndal

Adr. Drottninggatan 85 I c/o Karlsson Stockholm

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur